

**5. fundur fjallskilanevndar haldinn að Miðtúni 1, Tálknafirði,  
miðvikudaginn 25. maí 2011 og hófst hann kl. 20:00.**

**Fundinn sátu:**

Vignir Arnarson, Lilja Magnúsdóttir, Símon Viggósson,

**Fundargerð ritaði:** Lilja Magnúsdóttir, formaður.

**Dagskrá:**

**1. 1010029 - Fjallskil í Tálknafjarðarhreppi haust 2010.**

Farið yfir skýrslu fjallskilanevndar um smölun haustið 2010 og tilhögun hennar. Sjá fylgiskjal nr. 1, Smölun haustið 2010 og fylgiskjal nr. 2, Fjárfjöldi 2010. Einnig var farið yfir fjallskilaseðil og hann uppfærður miðað við reynslu síðasta hausts. Sjá fylgiskjal nr. 3, Tillaga að fjallskilaseðli 2011.

**2. 1105072 - BSV drög að fjallskilareglugerð**

Drög að fjallskilareglugerð BSV. Fjallað um drög að nýrri fjallskilareglugerð fyrir Vestfirði. Fjallskilanevnd leggur til við sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps að heimila áframhaldandi vinnu nefndar um fjallskilamál á Vestfjörðum á sömu nótum og drög að reglugerð um fjallskil segja til um. Fjallskilanevnd Tálknafjarðarhrepps leggur þó gríðarlega áherslu á nauðsyn þess að hagsmunir sauðfjárlausra landeigenda séu tryggðir sem kostur er í reglugerðinni þannig að þeir verði fyrir sem minnstum útlátum og ónæði af völdum sauðfjár á sínum löndum. Skoðun nefndarinnar er að fjáreigendur eigi að standa allan straum af kostnaði við smölun á sínu búfé en ekki landeigendur.

**3. 1104005 - Hugmyndir um flutning á hreindýrum á Vestfirði.**

Hugmyndir um flutning hreindýra á Vestfirði. Fjallskilanevnd bendir á þá erfiðleika sem nú þegar stafa af lausagöngu sauðfjár í sveitarfélaginu og nágrenni og telur ekki ástæðu til að bæta hreindýrum við þann vanda. Ennfremur bendir fjallskilanevnd á þá hættu sem viðkvæmum gróðri á Vestfjörðum stafa af ofbeiti og telur að nú þegar sé beiti sauðfjár á svæðinu í heild sinni það mikil að ekki sé á bætandi. Því leggst fjallskilanevnd gegn tillögum um flutning hreindýra á Vestfirði.

**4. 1105030 - Ályktanir frá aðalfundi Búnaðarsb. Vestfjarða 2011**

Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:34.**

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____